

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar**  
**og nýtingu hlunninda af villtum fuglum.**

1. gr.

5. tl. 2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar orðast svo:  
Árið 2023 er heimilt að veiða rjúpu frá og með 20. október til og með 21. nóvember, frá og með föstudögum til og með þriðjudögum á því tímabili.

Rjúpnaveiðar eru þó alltaf óheimilar á friðuðu svæði, sbr. 9. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. og 17. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 4. október 2023.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Stefán Guðmundsson.*